

og er upphæð þessi fyrir yfirstandandi ár borguð lögregluþjónunum úr landssjóðnum, eptir að dómsmálasjóðrinn er runninn saman við hann.

En þar sem nú fyrir fullt og allt er búið að taka ákvörðun um laun fangavardarans við fangelsi Reykjavíkrkaupstaðar í sambandi við hegningarhúsið hér í bænum, verður samkvæmt bréfi ráðgjafans fyrir Ísland frá 18. f. m. eptirleidis að hætta að greiða ofanþefnda 62 rd., sem lagðir hafa verið til launa lögregluþjónanna; því þeir eru landssjóðnum óviðkomandi.

Þetta leiði eg ekki hjá mér að tjá hr. bjarfógetanum til þóknanlegrar leiðbeiningar að því við bættu, að hætt verður að borga ofangreinda upphæð úr landssjóðnum með lokum yfirstandandi reikningsárs.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrundæminu).

Með þóknanlegu bréfi frá 27. þ. m. hefir hr. amtmaðrinn sent mér bréf frá sýslumanniinum í Dalasýslu af 29. f. m., er fer því fram, að breytt verði úrskurði vestrámtsins frá 29. júní þ. á. um dagpeninga þá, er honum berá sem settum dómara í gjálsóknum máli milli Ásgeirs bónda Einarssonar og umboðsmanns Strandasýsluhjarða. Með umgetnum úrskurði amtsins eru dagpeningar þeir, 3 rd. daglega, er sýslumaðrinn hefir reiknað sér, með skýrskotun til opins bréfs 21. marz 1800 og kansellibr. 28. júlí 1840, settir niðr í 1 rd. daglega, er það er bæði í úrskurðinum tekið fram, að dagpeningar þeir, sem sýslumaðrinn hefir reiknað sér í umgetnu máli, engan veginni séu of háir, þegar á það sé litið, hversu mjög peningar hafi lækkað í verði á hinum síðari tímum, og þar að auki ítrekað í álitu hr. amtmannsins frá 27. þ. m., að 3 rd. séu í sjálfu sér ekki of háir dagpeningar handa eimbættismönnum, og sýslumaðrinn í umræddu tilfelli ekki of haldinn af því, þó hann fengi þá dagpeninga, sem hann hefir reiknað sér. Samkvæmt þessu hefir hr. amtmaðrinn mælt með beiðni þeirri, er hér ræðir um.

Út af þessu skal hr. amtmanninum hér með tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að þó að reglur þær um dagpeninga héraðsdómara í einkamálum, sem fylgja þær, séu að finna í aukatekjureglug. 10. sept. 1830, § 15, snertir þessi grein þó að eins þær athafnir, sem hlutaðeigandi dómari fremr í sínu eigin lögsagnarumdæmi. Sé hann þar á móti skipaðr til að gegna störfum setts dómara í öðru lögsagnarumdæmi, verður ekki betr séð, en að honum, bæði eptir edli hlutarins og anda laganna, beri full endrgjald útláta þeirra, er hann getr fært sönnur á, að hafi leitt af sjærveru hans frá heimili sínu, eða að dagpeninga verði að ákveða þannig, að þeir hrökkvi til borgunar útgjaldanna. Þar sem nú álíta verður, bæði eptir ásigkomulagi ferðar þeirrar, sem hér er umtalsefnið, eptir árstímanum, þegar hún átti sér stað, og eptir álitu hr. amtmannsins, að dagpeningar þeir, 3 rd. á dag, sem sýslumaðr Lárus Blöndal hefir reiknað sér, ekki fari fram yfir sannarleg útgjöld hans, veitist hr. amtmanninum hér með vald til, að borga honum umrædda dagpeninga, 3 rd. á dag, úr jafnaðarsjóði vestrámtsins.

Frumvarp til reglugjörðar um slökkvilið Reykjavíkrbajar.

1. grein¹.

[Allir verkfærir karlmenn í umdæmi Reykjavíkrkaupstaðar, að undanskildum konunglegum eimbættismönnum og bjarstjórum, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði bjarins frá því þeir eru 18 vetra, en þeir eru fimmtugir, nema sjúkulefr hamli].

2. grein.

Sérhver slökkviliði er skyldr til að koma sjálf, er á hann er skorað af fyrirlidnum

1) Breytt af landshöfðingjannum.